

1990 nr. 129 31. desember

Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Tóku gildi 14. janúar 1991. Breytt með: L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 115/2015 (tóku gildi 16. des. 2015). L. 85/2021 (tóku gildi 1. jan. 2022). L. 89/2021 (tóku gildi 8. júlí 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við menningar- og viðskiptaráðherra eða menningar- og viðskiptaráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kaffli. [Markmið, gildissvið og vinnsla persónuupplýsinga.]¹⁾

¹⁾ L. 89/2021, 9. gr.

■ 1. gr.

□ Markmið laga þessara er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem viðast í þjóðfélagit á grundvelli táknumáls heyrnarlausra.

■ 2. gr.

□ Hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að annast:

- a. rannsóknir á íslensku táknumáli,
- b. kennslu táknumáls,
- c. táknumálstílkun,
- d. aðra þjónustu.

□ Um skipan þjónustunnar skal kveðið á í reglugerð.¹⁾

□ Stofnun skal hafa samstarf við svæðisstjórnir um mál-efni [fatlaðs fólk],²⁾ [Ráðgjafar- og greiningarstöð].³⁾ Heyrneleysingaskólan, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi mállefni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.

¹⁾ Rg. 1058/2003, sbr. 884/2004. ²⁾ L. 115/2015, 28. gr. ³⁾ L. 85/2021, 15. gr.

■ [2. gr. a.]

□ Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt er í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu, svo sem vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar vegna beiðna um táknumálstílkapjónustu, kennslu táknumáls og málþoku barna og í þágu rannsókna á íslensku táknumáli.

□ Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er heimil öflun og miðlun persónuupplýsinga þegar nauðsyn

krefur, þ.m.t. til og frá leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, félags- og skólapjónustu sveitarfélaga, Ráðgjafar- og greiningarstöð, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og aðilum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

□ Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um vinnslu persónuupplýsinga í reglugerð samkvæmt þessu ákvæði.]¹⁾

¹⁾ L. 89/2021, 9. gr.

II. kaffli. Stjórnun.

■ 3. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjölgurra ára í senn og jafnmarga til vara:

- a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi heyrnarlausra,
- b. einn fulltrúa tilnefndan af Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra,
- c. [two fulltrúa tilnefnda af [ráðherra er fer með mállefni fatlaðs fólk],¹⁾]²⁾

[d.]²⁾ skipar [ráðherra]¹⁾ einn fulltrúa án tilnefningar. Skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

¹⁾ L. 126/2011, 149. gr. ²⁾ L. 162/2010, 7. gr.

■ 4. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar forstöðumann til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrælsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

¹⁾ L. 126/2011, 149. gr.

■ 5. gr.

□ [Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.]¹⁾

¹⁾ L. 83/1997, 125. gr.

■ 6. gr.

□ Samskiptamiðstöð gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlun til allt að fimm ára. Stjórn stofnunarinnar staðfestir áætlani og fylgist með framkvæmd þeirra. [Ráðherra]¹⁾ getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem samskiptamiðstöðin veitir.

¹⁾ L. 126/2011, 149. gr.

■ 7. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin skal endurskoða innan fjölgurra ára frá gildistöku þeirra.